

Frú Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings

Virðulega samkoma.

Mig langar að koma á framfæri viðbrögðum (umsögn) vegna 31. máls sem liggur fyrir þinginu (Tillaga til þingsályktunar um stjórnskipulag Skálholtsstaðar).

Undirrituð tók við starfi sóknarprests í Skálholtsprestakalli 1. september sl. og hefur því haft þau forréttindi að kynna rekstri staðarins og skipulaginu í kringum hann á þeim tíma sem síðan er liðinn. Mér finnst mikilvægt að koma á framfæri í umræðu um 31. mál, upplifun minni af því að koma inn í, verða þátttakandi í og leggja hönd á plóg í þeirri stóru og umsvifamiklu einingu sem Skálholtsstaður er.

Ég tek heilshugar undir það sem kemur fram í greinargerð með máli 31, um mikilvægi staðarins og að ábyrgð hvers og eins sem hlutverk hefur í Skálholti verði að vera skýr, verkaskipti ljós og boðleiðir skýrar. Einnig þar sem segir að góð og virk upplýsingamiðlun sé mikilvæg.

Í stuttu máli þá hefur það verið mín reynsla sem nýr starfsmaður á plani í Skálholti, að í reynd séu þessi mál þegar í góðum farvegi og geti leitt til markvissrar uppbyggingar staðarins í fjölbreyttu tilliti. Það hefur verið einstaklega ánægjuleg og valdeflandi upplifun að taka til starfa í teyminu sem starfar að Skálholtsstað og ég vil nefna að þau orð sem eru notuð til að kynna Mannauðsstefnu Þjóðkirkjunnar í bréfi Biskupsstofu til starfsfólks nú í vikunni hitta beint í mark og eiga við þann anda sem ríkir um samstarf í Skálholti:

„Markmið stefnunnar er að hlúa að starfsfólki í starfi og einkalífi, stuðla að faglegum vexti og skapa jákvætt starfsumhverfi. Í störfum okkar fyrir þjóðkirkjuna á fagmennska, virðing og gleði að ríkja.“ Mér finnst allt þetta rætast á þessum nýja vinnustað mínum.

Með virðingu og þökk fyrir að fá að koma þessu persónulega sjónarmiði á framfæri í umræðum ykkar. Guð blessi störf kirkjuþings.

Skálholti, 22. október 2024

Kristín Þórunn Tómasdóttir

Sóknarprestur í Skálholtsprestakalli